

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 64/2020

frá 30. apríl 2020

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2155 frá 22. september 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 149/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrikomulag ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2188 frá 11. ágúst 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar undanþágu á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sértryggð skuldabréf ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2295 frá 4. September 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir upplýsingagjöf um eignir með veðböndum og veðbandalausar eignir ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/171 frá 19. október 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um tæknilega eftirlitsstaðla fyrir mikilvægismörkin fyrir lánaskuldbindingar sem komnar eru fram yfir gjalddaga ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/405 frá 21. nóvember 2017 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/728 frá 24. janúar 2018 um

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 21.11.2017, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 310, 25.11.2017, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB 329, 13.12.2017, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 32, 6.2.2018, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 74, 16.3.2018, bls. 3.

viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir verklagsreglur um að undanskilja viðskipti við ófjárhagslega mótaðila með staðfestu í þriðja landi frá kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættu vegna leiðréttingar á útlánvirði ⁽⁶⁾.

- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/959 frá 14. mars 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lýsingu á aðferðafræði varðandi mat sem lögbær yfirvöld skulu nota til að heimila stofnunum að nota þróaðar mæliaðferðir fyrir rekstraráhættu ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/667 frá 19. desember 2018 um breytingu á framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 um að fresta gildistöku stöðustofnunar skyldu fyrir ákveðna OTC-afleiðusamninga ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2114 frá 9. nóvember 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 að því er varðar sniðmát og leiðbeiningar ⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/954 frá 6. júní 2017 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁰⁾.
- 11) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/688 frá 23. mars 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070 að því er varðar viðmiðunareignasöfn, sniðmát fyrir skýrslugjöf og leiðbeiningar fyrir skýrslugjöf ⁽¹¹⁾.
- 12) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/815 frá 1. júní 2018 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 169, 6.7.2018, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 113, 29.4.2019, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 321, 6.12.2017, bls. 1.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 322, 7.12.2017, bls. 27.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 18.5.2018, bls. 1.

mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹²⁾.

- 13) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1580 frá 19. október 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2197 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽¹³⁾.
- 14) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1627 frá 9. október 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 að því er varðar varfærið mat vegna skýrslugjafar til eftirlitsaðila ⁽¹⁴⁾.
- 15) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1889 frá 4. desember 2018 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁵⁾.
- 16) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 14a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013):
 - „– **32017 R 2188**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2188 frá 11. ágúst 2017 (Stjtið. L 310, 25.11.2017, bls. 1),
 - **32018 R 0405**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/405 frá 21. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 74, 16.3.2018, bls. 3).“
2. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 14ab (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014):

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 137, 4.6.2018, bls. 3.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 263, 22.10.2018, bls. 53.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 281, 9.11.2018, bls. 1.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 309, 5.12.2018, bls. 1.

„– **32017 R 2114**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2114 frá 9. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 321, 6.12. 2017, bls. 1),

– **32018 R 1627**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1627 frá 9. október 2018 (Stjtið. ESB L 281, 9.11. 2018, bls. 1).“

3. Eftirfarandi er bætt við lið 14ax (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197):

„, breytt með:

– **32018 R 1580**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1580 frá 19. október 2018 (Stjtið. ESB L 263, 22.10. 2018, bls. 53).“

4. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 14azm (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1230):

„14azn. **32017 R 2295**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2295 frá 4. September 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir upplýsingagjöf um eignir með veðböndum og veðbandalausar eignir (Stjtið. ESB L 329, 13.12.2017, bls. 6).

14azo. **32018 R 0171**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/171 frá 19. október 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um tæknilega eftirlitsstaðla fyrir mikilvægismörkin fyrir lánaskuldbindingar sem komnar eru fram yfir gjalddaga (Stjtið. ESB L 32, 6.2.2018, bls. 1).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 6. gr. koma orðin „31. desember á síðara árinu á eftir því ári þegar ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020 tekur gildi“ í stað orðanna „31. desember 2020“, að því er EFTA-ríkin varðar.

14azp. **32018 R 0728**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/728 frá 24. janúar 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir verklagsreglur um að undanskilja viðskipti við ófjárhagslega mótaðila með staðfestu í þriðja landi frá kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættu vegna leiðréttingar á útlánvirði (Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 1).

- 14azq. **32018 R 0959**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/959 frá 14. mars 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lýsingu á aðferðafræði varðandi mat sem lögbær yfirvöld skulu nota til að heimila stofnunum að nota þróaðar mæliaðferðir fyrir rekstraráhættu (Stjtið. ESB L 169, 6.7.2018, bls. 1).
- 14azr. **32017 R 2241**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2241 frá 6. desember 2017 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 322, 7.12.2017, bls. 27).
- 14azs. **32018 R 0815**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/815 frá 1. júní 2018 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 137, 4.6.2018, bls. 3).
- 14azt. **32018 R 1889**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1889 frá 4. desember 2018 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 309, 5.12.2018, bls. 1).“
5. Eftirfarandi er bætt við lið 14m (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2070):
- „— **32018 R 0688**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/688 frá 23. mars 2018 (Stjtið. ESB L 124, 18.5.2018, bls. 1).

Ákvæði framkvæmdarreglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 3. mgr. 7. gr. orðast „31. maí 2018“ sem „síðasta dag mánaðarins næst á undan mánuði gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020“, að því er varðar EFTA-ríkin.
- b) Að því er varðar EFTA-ríkin ber, á ári gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020, að skilja dagsetninguna sem vísað er til í 2. mgr. 4. gr. sem 30. júní.“

6. Eftirfarandi er bætt við lið 31bcf (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013):

„, breytt með:

– **32017 R 2155**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2155 frá 22. september 2017 (Stjtið. ESB L 304, 21.11.2017, bls. 13).“

7. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bcp (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2205), 31bcq (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/592) og 31bcr (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 2016/1178):

„– **32019 R 0667**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/667 frá 19. desember 2018 (Stjtið. ESB L 113, 29.4.2019, bls. 1).“

8. Í aðlögunartexta a) liðar iii. liðar b) liðar (framseld reglugerð (ESB) 2015/2205), 31bcq (framseld reglugerð (ESB) 2016/592) og 31bcr (framseld reglugerð (ESB) 2016/1178), koma orðin „ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020“ í stað orðanna „ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31 maí 2018“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB)2017/2155, (ESB) 2017/2188, (ESB) 2017/2295, (ESB) 2018/171, (ESB) 2018/405, (ESB) 2018/728, (ESB) 2018/959, (ESB) 2019/667 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/2114, (ESB) 2017/2241, (ESB) 2018/688, (ESB) 2018/815, (ESB) 2018/1580, (ESB) 2018/1627 og (ESB) 2018/1889 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2020.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING